

ÞÍN EIGIN  
HROLLYVEKJA

ÆVAR ÞÓR BENEDIKTSSON

Ævar Þór Benediktsson

# ÞÍN EIGIN HROLLVEKJA



Mál og menning

**Þín eigin hrollvekja**

© Ævar Þór Benediktsson 2016

Mál og menning  
Reykjavík 2016

Öll réttindi áskilin.

Myndir og kápa: Evana, [evana.deviantart.com](http://evana.deviantart.com)

Uppstilling kápu: Alexandra Buhl / Forlagið

Ljósmynd af höfundi: Jónatan Grétarsson

Umbrot: Eyjólfur Jónsson

Letur í meginmáli: Berling Roman 11/15 pt.

Prentun: Oddi, umhverfisvottuð prentsmiðja 

*Gefin út í Reykjavík, bókmenntaborg UNESCO*

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis höfundar og útgefanda.

ISBN 978-9979-3-3711-9

Mál og menning er hluti af  Forlaginu ehf.  
[www.forlagid.is](http://www.forlagid.is)

# Áður en við byrjum

**Þín eigin hrollvekja er bók um þig – þú ert söguhetjan.**

Til að byrja með lestu þessa bók alveg eins og þú myndir lesa venjulega bók, þú byrjar á byrjuninni (hér) og lest svo frá einni blaðsíðu til þeirrar næstu. En á ákveðnum tímapunkti mun eitthvað óvenjulegt og ótrúlegt gerast. Sagan stoppar – eins og strætisvagn á stoppistöð – **og býður þér að ákveða hvað gerist næst. Þú ræður hvað gerist!**

Þú flettir fram og til baka um alla bókina, allt eftir því hvað þú vilt að gerist í sögunni. Hafðu í huga; þetta er ekki spurning um að velja rétt eða rangt, heldur **hvað þú myndir gera**. Farðu samt varlega – þessi bók er stórhættuleg. Á einni blaðsíðu getur beðið þín **ótrúlegt ævintýri** – á annarri **hræðileg örlög**.

Og ekki kenna mér um ef illa fer. Því það ert þú sem ræður hvað gerist.

*Gangi þér vel.*

*– Ævar*

**E.S.** Ef sagan þín endar illa getur þú alltaf flett til baka og byrjað upp á nýtt.

**E.E.S.** Sums staðar í bókinni er lítil stjarna við erfið orð. Stjarnan þýðir að þú getur litið neðst á síðuna og séð hvað orðið þýðir.

**E.E.E.S.** Aftast í bókinni eru upplýsingar um helstu sögu- persónur bókarinnar. Ef þú ert í vafa um hvað þú átt að velja geturðu alltaf flett þangað og lesið þér til.

## Kíkjum undir rúm

Það þýðir ekkert að hlaupa frá vandanum. Það er eitthvað undir rúmi og þú verður að komast að því hvað í ósköpunum það er. Rafmagnið hefur ekki enn látið sjá sig, þannig að þú verður að finna einhverja aðra leið til að lýsa undir rúmið og sjá hvað er þar.

Og þá færðu hugmynd.

Myrkrið er vissulega dimmt en það er þó smá skíma að utan. Föli strákurinn ætti að vera farinn þannig að ef þú stekkur til, dregur frá og kíkir svo undir rúm á methraða ættirðu að geta séð hvað leynist þar.

*KRAFS – KRAFS – KRAFS*

Þú getur ekki beðið lengur.

Þú stekkur að glugganum, rífur frá og hendir þér á fjóra fætur.

Það sem þú sérð eru tvö tinnusvört augu. Grár feldur. Loppur. Og hali. Það tekur þig smástund að fatta að þú ert ekki að stara á skrímsli.

Það er rotta inni í herberginu þínu!

Hún er stór, eins og lítill hundur. Pabbi þinn var ekkert að grínast með rottuna sem hann hafði séð! Þú orgar ægilega og rottan hvæsir á móti.

„Þetta er viðbjóðslegt!“ hróparðu, hoppar upp í rúmið

þitt og argar á Lovísu. Frammi á gangi heyrirðu að hún kemur hlaupandi eins hratt og hún getur, rekur sig utan í eitthvað í myrkrinu og blótar ægilega. Svo er hurðinni hrundið upp.

„Hvað?!“ gargar hún.

„Rotta!“ veinar þú á móti.

„Hvæs!“ hvæsir rottan.

Lovísa segir ekkert í nákvæmlega hálfra sekúndu. Svo orgar hún svo svakalega að þú verður að grípa fyrir eyrun til að ærast ekki. Rottan, sem hefur auðvitað ekki almennilegar hendur til að verja sig fyrir barnapíuhátíðniorgum, hleypur af stað, skýtur sér á milli lappanna á Lovísu þar sem hún stendur í dyragættinni og hverfur fram á gang. Lovísa tekur trylltan stríðsdans af einskærum viðbjóði, sem í myrkrinu og tunglsljósinu virðist einstaklega glæsilegur.

„Égetettekki!“ argar hún. „Ég er farin!“ og svo stormar hún aftur fram.

Og rekur sig aftur í.

Og orgar einu sinni enn.

Þú grípur föt af skrifborðsstólnum þínum og hleypur á eftir henni.

Skáphurðin titrar – eins og eitthvað sé að reyna að komast út. Eins gott að þú fórst ekki þangað inn.

\* \* \*

Þú hleypur inn í stofu á eftir barnapíunni. Lovísa þrammar í gegnum hana og fram í forstofu. Hún rifur úlpuna sína af næsta snaga, opnar útidyrnar upp á gátt og rennir upp í háls.

„Þú getur ekki bara farið!“ hrópar þú. Hún læsir símanum sínum og stingur honum í vasann.

„Þetta var *ekki* það sem um var rætt!“ Hún strunsar af stað út í nóttina.

„En hver á að passa mig?“ kallarðu á eftir henni.

„Ekki ég allavega!“ Hún gefur í. „Búa ekki amma þín og afi héra rétt hjá?“ hreytir hún í þig. „Farðu til þeirra!“

„En amma –“ byrjarðu að kalla en hættir þegar þú sérð hana arka fyrir horn og í hvarf. „Er veik ...“ segirðu lágt og lítur upp í himininn. Tunglið dansar í skýjunum. Þú andvarpar. Eina ástæðan fyrir því að Heimsins Versta Barnapía var ráðin yfir höfuð var sú að amma þín og afi, sem búa jú frekar nálægt, gátu það ekki í kvöld. Amma þín er með flensu.

„Þetta er nú meiri vitleysan,“ tautarðu. Út úr myrkrinu birtist skyndilega litli föli strákurinn. Hann stendur hinum megin við götuna.

„Hey, má ég koma inn núna?“ spyr hann spenntur og byrjar að hlaupa í áttina að þér.

„*Nei!*“ veinarðu, grípur í hurðarhúninn og skellir.

Þú smeygir þér úr náttfötunum og klæðir þig eins hratt og þú getur.

Það er bara eitt í stöðunni: Þú ætlar að hlaupa yfir til ömmu og afa og vera þar þangað til foreldrar þínir koma heim. Þegar þú hefur komið þér í fötin smeygirðu þér í úlpu og góða skó. Svo kíkirðu varlega út um bréfálúguna.

Skimar í allar mögulegar áttir.

Föli strákurinn er hvergi sjáanlegur.

Gott og vel – kýlum á þetta.

Þú opnar dyrnar ofurvarlega og gægist út. Enginn kemur hlaupandi, heimtandi að fá að koma í heimsókn. Þú tekur eitt skref út, tekur í hurðarhúninn og skellir í lás.



Það tekur smá tíma að ganga heim til ömmu og afa.

Þú hefur samt engar áhyggjur. Þú hefur oft farið þessa leið og veist þess vegna nákvæmlega í gegnum hvaða garða þú þarft að stelast til að stytta þér leið. Þú veist líka að einn af þessum görðum tilheyrir bekkjarsystur þinni. Manstu – þessari sem er einmitt að halda upp á afmælið sitt í kvöld. Afmælið sem þér var ekki boðið í.

Þegar þú kemur að húsinu hennar hægirðu örlítið á þér. Veislan er örugglega í fullu fjöri núna. Allir með magann fullan af tertu og kakói. Þú hnussar og hristir höfuðið – það er ljótt að skilja út undan. Tunglið veður í skýjum og þú ætlar svo sannarlega að hlaupa í gegnum þennan garð, eins og alla hina garðana á leiðinni.

En eitthvað fær þig til að stoppa.

Kannski er það öfundσύki, kannski er það forvitni. Þú veist bara að þig langar þínulítið til að njósna. Sjá hvernig þessi frábæra veisla er eiginlega. Þér var kannski ekki boðið en það er ekkert sem bannar þér að kíkja inn um gluggann.

Þú verður samt bara að passa að enginn sjái þig – það væri ógeðslega vandræðalegt.

Þú tiplar á tánunum að húsinu og sérð um leið að einhver hefur dregið fyrir.

Týpískt!

Þú laumast samt að stofuglugganum og leggur við hlustir. Hlustar.

Og sperrir eyrun enn betur.

En heyrir ekkert.

„Piff!“ hnussarðu. Það virðist nú ekkert vera neitt voða mikið partý þarna. Engin tónlist, engin hróp og köll eins og

í öllum almennilegum veislum. Er enginn heima, eða hvað? Kannski fóru þau öll í keilu? Þú leggur andlitið alveg að rúðunni og reynir að sjá í gegnum gluggatjöldin.

Þér dauðbregður þegar þú sérð móta fyrir skuggum. Jú, það er svo sannarlega einhver þarna inni. Margir meira að segja. Þú ert nokkuð viss um að þetta sé bekkurinn þinn – þú kannast við útlínurnar.

Það er samt eitthvað furðulegt í gangi; þau virðast öll standa grafkyrr. En hvers vegna í ósköpunum? Það er nógu erfitt að láta suma strákana í bekknum sitja kyrra í fimm sekúndur þegar þið eruð í tíma, hvað þá að þeir standi eins og stytur í miðri afmælisveislu. Hvað eru þau eiginlega að gera? Kannski eru þau í einhverjum asnægum afmælisleik. Dimmalimm eða eitthvað. Eða, það sem verra er, kannski vita þau að þú ert að fylgjast með og ætla að stríða þér.

Þú hnussar og snýrð baki í húsið. Þau mega eiga sig.

Amma og afi búa rétt hjá og þú ætlar að –

Þú stoppar.

Handan hússins, utan úr garðinum, staulast maður.

Nei, fyrirgefðu. Ekki bara maður.

*Trúður.*

Litrík hárkollan er rifin og tætt. Málningin lekur niður eftir andlitinu. Búningurinn er allur útataður í dökkum blettum.

Hann starir á þig.

Þú starir á trúðinn.

Og svo hleypur hann af stað – í áttina til þin!

## **Hvað ætlarðu að gera?**

Ef þú vilt flýja inn í húsið þar sem afmælisveislan er skaltu fletta á blaðsíðu 111.

Ef þú vilt mæta trúðinum skaltu fletta á blaðsíðu 247.